

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 605, 24. júní 2008,
um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2007/2008.**

1. gr.

Í stað dagsetningaráðsins „31. desember 2008“ í 2. málsl. 5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur: 30. apríl 2009.

2. gr.

Við 5. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar bætast fimm nýir málslíðir, svohljóðandi:

Endurúthlutun samkvæmt þessari grein skal framkvæma sem sjálfstæða úthlutun án tillits til annarra aflaheimilda sem áður hefur verið úthlutað til einstakra fiskiskipa í byggðarlaginu vegna fiskveiðiársins 2007/2008. Við skiptingu þess magns sem til endurúthlutunar kemur skulu gilda sömu reglur og gilt hafa um úthlutun aflaheimilda í viðkomandi byggðarlagi fyrir fiskveiðiárið 2007/2008. Skipta skal aflaheimildum milli fiskiskipa að svo miklu leyti sem þau hafa uppfyllt skilyrði um löndun afla til vinnslu í byggðarlaginu. Sé ekki unnt að endurúthluta aflaheimildum sem úthlutað hefur verið til tiltekins byggðarlags samkvæmt framan-greindum reglum, skulu einstök fiskiskip í viðkomandi byggðarlagi hafa frest til og með 15. júní 2009 til að uppfylla skilyrði þessarar greinar um löndun afla til vinnslu í byggðarlaginu. Ef skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein hafa ekki verið uppfyllt fyrir það tímamark falla niður þær aflaheimildir sem þá hefur ekki verið úthlutað.

3. gr.

Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 10. gr. er heimilt að úthluta aflaheimildum samkvæmt reglugerð þessari, til einstakra fiskiskipa til 15. júní 2009. Aflamark sem úthlutað er eftir 1. september 2008 til-heyrir fiskveiðiárinu sem hófst 1. september 2008.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 17. desember 2008.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórssdóttir.

Sigríður Norðmann.